

Fimmtudaginn 7. janúar 1993.

Nr. 1/1993. **Ákærvaldið**

gegn

Ásbirni Andrasyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.
Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. desember 1992, sem barst réttinum 4. janúar 1993. Hann krefst þess, að hinn kærdi úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar með skírskotun til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Sá atburður, sem hér um ræðir og varð í langferðabifreið við Borgarfjarðarbrú 20. desember 1992, er upplýstur að því marki, sem tók virðast vera á. Engin skýring hefur þó fengist á því, hvers vegna ákærði veitti Birni Kristjánssyni áverka umrætt sinn, svo sem hann hefur gengist við.

Hinn 29. desember 1992 gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur ákærða vegna þessa atburðar. Af hálfu ákærvalds hefur þess ekki verið krafist, að ákærði sæti geðrannsókn.

Samkvæmt fram lögðu sakavottorði er sakaferill ákærða æðilangur. Frá árinu 1980 hefur hann hlotið 12 refsidóma, þar af 10 fyrir brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Þá hefur hann á þessum tíma gengist undir 15 dómsáttir, langoftast vegna ölvunar. Í engu tilviki hefur verið um að ræða ofbeldisverknað, er sætt hafi ákæru samkvæmt almennum hegningarlögum.

Eins og mál þetta liggur fyrir, verður eigi talið nauðsynlegt vegna almannahagsmuna, að ákærði sæti frekara gæsluvarðhaldi vegna þess verknaðar, sem hann er ákærður fyrir. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

S é r a t k v æ ð i

Hrafns Bragasonar hæstaréttardómara.

Ég er ósamþykkur atkvæði meiri hluta dómara og tel, að staðfesta eigi hinn kærða úrskurð með tilvísun til forsendna hans. Ég er aftur á móti samþykkur atkvæði þeirra um kærú málskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. desember 1992.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að gæsluvarðhald Ásbjörns Andra-sonar, kt. 041262-5089, Grettisgötu 67, Reykjavík, sem rennur út kl. 16.00 í dag, verði framlengt, þar til héraðsdómur gengur í málinu og ákvörðun hefur verið tekin um áfrýjun, en þó eigi lengur en til föstudagsins 29. janúar nk. kl. 16.00.

Af hálfu kærða er framangreindri kröfu mótmælt, en verði dómurinn við henni, fari um vistun kærða eins og hann væri afplánunarfangi.

Með ákæru, út gefinni í dag, er kærði saksóttur fyrir líkamsárás með því að hafa sunnudaginn 20. þ. m. í langferðabíl á leið frá Hvammstanga til Reykjavíkur skammt sunnan við Borgarnes stungið Björn Kristjánsson, fæddan 13. júlí 1951, með hnifi í hálsinn hægra megin með þeim afleiðingum, að bláæð skarst í sundur og ytri brún hálsvöðva særðist. Er þetta talið varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Kærði hefur frá 21. þ. m. sætt gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins, og rennur það, sem fyrr segir, út kl. 16.00 í dag.

Í málinu liggur frammi áverkavottorð Gunnars Mýrdal, aðstoðarlæknis á Sjúkrahúsi Akraness, dagsett 22. þ. m., þar sem segir svo um áverka þá, er kærði veitti Birni Kristjánssyni: „Er 1 1/2 cm sár utanvert hæ. megin á hálsi og virðist sárið koma þarna beint yfir vena jugularis externa. Er smá-seytlblæðing úr þessu við komu. Það blæddi activt þarna úr sárinu, þegar heilsugæslulæknir í Borgarnesi kom að sjúkl. Það er lókaldeyft í kringum sárið og kemur í ljós að jugularis externa er alveg í sundur og hefur hnifsoddurinn sært lat. kantinn á musc. sternocleido mastoideus.“

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ber að taka kröfu ríkissaksóknara til greina, eins og hún er framsett og nánar greinir í úrskurðarorði. Þá þykir rétt, að um vistun kærða fari eins og hann væri afplánunarfangi.

Júlíus B. Georgsson fulltrúi kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Gæsluvarðhald Ásbjörns Andrasonar er framlengt, þar til héraðsdómur gengur í máli ákæruvaldsins gegn honum og ákvörðun hefur verið tekin um áfrýjun, en þó eigi lengur en til föstudagsins 29. janúar n.k. kl. 16.00.

Um vistun kærða í gæsluvarðhaldinu fari eins og hann væri afplánunarfangi.
